



Afrekshundur ársins 2009, Rauða Kross-hundurinn Karólína í eigu Guðleifs Magnússonar

Karólína stóð eins og klettur við hlið húsbónda síns þegar hann missti óvænt heilsuna fyrir þremur árum. Hann hafði alltaf unnið meira en fullan vinnudag, en stóð allt í einu frammi fyrir því að vera óvinnufær.

Ári síðar varð Karólína lykillinn að nýjum vettvangi fyrir Guðleif, sem fólst í því að heimsækja fólk sem langaði að hitta hunda. Verkefnið er á vegum Rauða Kross Íslands og gengur undir heitinu Hundavinir.

Karólína fer reglulega að heimsækja eldri borgara í Sunnuhlíð í Kópavogi, þar sem hún er svo mikill aufúsgestur að það liggur við að hún þurfi ekkert að fá að borða milli heimsókna.

Gamla fólkið í Sunnuhlíð einfaldlega elskar Karólínu.

Svo fer Karólína stundum að hitta börn innflytjenda sem mörg hver eiga erfitt með að eignast vini í nýja landinu, en finna sannan vin í þessari yndislegu tík.

Fyrr á þessu ári lá lítill, sex ára gamall, einlægur dýravinnur á gjörgæsludeild Barnadeildar Landspítalans. Hann var með hvítblæði og lá banalegu sína þar. Hann langaði að hitta Karólínu.

Enginn hundur á vegum Rauða krossins fer inn á stofnun án tilskilinna leyfa, en þar sem læknar, hjúkrunarfólk og fjölskylda litla drengsins vildu að hann fengi að hitta Karólínu, fékkst leyfi frá heilbrigðisyfirvöldum á met tíma.

Litli drengurinn náði að heilsa nokkrum sinnum upp á Karólínu áður en ævi hans var öll og er Karólína fyrsti hundurinn á Íslandi til að fara inn á gjörgæsludeild með öllum tilskyldum leyfum.

Þessi ljúfa og góða blendingstík, sem studdi eiganda sinn með ráðum og dáð, þegar á reyndi, sér til þess að hann fari í daglegar gönguferðir, sem eru honum lífsnauðsynlegar. Auk þess hefur hún gefið mörgum ómældar gleðistundir og er sannkallaður afrekshundur þegar kemur að samskiptum við þá sem eiga um sárt að binda eða minna mega sín.